

Mánudaginn 11. janúar 1988.

Nr. 312/1987. **Sigurjón Viðar Alfreðsson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands

Landsbanka Íslands

Verslunarbanka Íslands hf.

Lífeyrissjóði Verslunarmanna

Tryggingastofnun ríkisins o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Viðar Alfreðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1080 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 13. janúar 1988.

Nr. 361/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Svani Elí Elíassyni

Kærumál. Kæruheimild. Opinbert réttarfar. Máli vísað frá Hæstarétti. Réttargæslumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 19. desember 1987 lýsti Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður kæru til Hæstaréttar á úrskurði sakadóms Reykjavíkur daginn áður, þar sem hafnað var kröfu lögmannsins um, að hann

megi kynna skjólstæðingi sínum Svani Elí Elíassyni tiltekin gögn um rannsókn vegna gruns um brot Svans Elí sem tengt er andláti manns í Reykjavík 7. nóvember sl. Lögmaðurinn vísar um kæruehimild til 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Kærandi krefst málsvarnarlauna eða þóknunar í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í athugasemdum, sem Ragnar Aðalsteinsson hefur sent Hæstarétti, fjallar hann um kæruehimild og telur hana vera 172. gr. 10. tl. laga nr. 74/1974. Eigi 170. gr. 4. tl. laganna ekki við, enda sé hér ekki um að ræða skoðun skjala eða kynningu gagna heldur það, hvort lögmaður megi ræða við skjólstæðing sinn um efni gagna, sem sakadómur afhenti lögmanninum.

Í greinargerð, sem ríkissaksóknari hefur sent réttinum, er krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti, þar sem óheimilt sé að kæra úrskurð sakadóms. Er um það vísað til 170. gr. 4. tl. nefndra laga.

Í 170. gr. 4. tl. segir, að ekki verði skotið til æðra dóms synjun um skoðun skjala „og kynningu annarra sakargagna“. Í 172. gr. laganna segir síðan:

„Aðili getur kært til æðra dóms:

1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.
3. Úrskurð um varðhald og aðra gæslu á sökunaut og tryggingu.
4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.
6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.
7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.
8. Úrskurð um líkrannsókn.
9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málf lutnings.
10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.
11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða,

sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu.“

Eftir þeim skjölum, sem send hafa verið Hæstarétti, verður að telja, að Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hafi fengið frá sakadómi öll gögn, sem 9. nóvember sl. lágu fyrir um rannsókn vegna mannláts þess, sem fyrr er nefnt. Mál þetta fjallar um það, hvort lögmánninum sé heimilt að ræða efni gagnanna við skjólstaðing sinn. Er þetta, eins og á stendur, kynning sakargagna, en sakadómsúrskurður um það efni verður ekki kærður til Hæstaréttar, sbt. 170. gr. 4. tl. laga nr. 74/1974. Breytir 172. gr. 10. tl. ekki þessari niðurstöðu, enda er það ákvæði almennara að efni til en 4. tl. 170. gr.

Samkvæmt framansögðu verður að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. desember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 18. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 7. nóvember sl. laust eftir kl. 18:00 fannst Jóhannes Halldór Pétursson, fæddur 14. september 1946, látinn í herbergi kærða, Svans Elí Eliassonar, fæddes 16. janúar 1959, að Skipholti 40 hér í borg. Er kærði grunaður um að vera valdur að dauða Jóhannesar og með úrskurði sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 8. nóvember sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar nk. kl. 17:00 og jafnframt að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. var skipaður réttargæslumaður kærða.

Gæsluvarðhaldsúrskurðinum var skotið til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi uppkveðnum þann 17. nóvember sl.

Réttargæslumaður kærða hefur gert þá kröfu, að sakadómur Reykjavíkur úrskurði, að réttargæslumaðurinn hafi rétt til að gera sökunaut grein fyrir efni þeirra gagna, sem sakadómur Reykjavíkur afhenti réttargæslumanni hinn 9. nóvember sl. og lúta að rannsókn á ætluðu broti sökunauts.

Þá krefst réttargæslumaðurinn hæfilegrar þóknunar sér til handa í þessum þætti málsins.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins er þess krafist, að kröfum réttargæslumannsins verði algjörlega hafnað.

Frá ríkissaksóknara hefur ekki borist greinargerð.

Í yfirheyrslu þann 2. desember sl. var kærða kynntur framburður vitnis nokkurs, sem kærði taldi þroskaheft og lítt vitnisbært. Mun kærði hafa gert athugasemdir við gildi frásagnar vitnisins af þessum ástæðum. Í framhaldi af þessu lét réttargæslumaðurinn bóka eftirfarandi:

„Að gefnu tilefni tel ég rétt að kynna rannsóknarlögreglumönnum ákvörðun mína að ég muni nú kynna skjólstæðingi mínum efni þeirra gagna málsins sem ég hef fengið frá sakadómi Reykjavíkur, nema Rannsóknarlögregla ríkisins banni mér það.“

Í svarbréfi RLR dags. 4. þ.m. segir m.a.: „Af þessu tilefni skal tekið fram, að rannsóknarlögregla ríkisins leggst alfarið gegn því, að þér birtið skjólstæðingi yðar þau skjalllegu gögn er þér hafið undir höndum og varða rannsókn þess máls er beinist gegn honum. Ákvörðun um það atriði á undir rannsóknarlögreglustjóra.“

Réttargæslumaðurinn rökstyður kröfu sína þannig, að það sé grundvallarregla í opinberum málum hér á landi að trúnaður skuli ríkja milli sökunauts og verjanda á öllum stigum máls og vísar hann til 86. gr. laga nr. 74, 1974 í því sambandi. Þá telur réttargæslumaðurinn óheimilt að gagnálykta frá ákvæðum 78. gr. laga nr. 74, 1974 á þann veg, að lögreglu og verjanda sé óheimilt að kynna sökunaut efni gagna. Kveður lögmaðurinn hvergi að finna lagaákvæði sem með beinum eða óbeinum hætti banni skipuðum verjanda sökunauts að kynna skjólstæðingi sínum þær upplýsingar um málið, sem verjandinn hefur fengið.

Af hálfu RLR er byggt á 78. gr. laga nr. 74, 1974 og ákvæðið túlkað þannig, að rannsóknaraðilinn hafi allt forræði á kynningu efnis og skjala.

Dómarinn hefur kynnt sér rannsóknargögn málsins.

Niðurstöður:

Kærði er nú undir rannsókn vegna ætlaðs brots gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og er margt óljóst um málsatvik og kærði einn til frásagnar um það sem gerðist. Telja verður að rannsókn málsins sé nú á viðkvæmu stigi og þykir því rétt eins og hér stendur á og með hliðsjón af framansögðu, sbr. og 78. gr. laga nr. 74, 1974 að hafna kröfu réttargæslumannsins.

Þóknun verður eigi ákveðin á þessu stigi málsins.

Úrskurðarorð:

Kröfu Ragnars Aðalsteinssonar hrl., skipaðs réttargæslumanns Svans Elí Eliassonar um, að honum verði úrskurðað heimilt að kynna kærða sakargögn, er synjað.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 10/1988. **Landeigendur Ytri Njarðvíkur-
hverfis með Vatnsnesi**
gegn
Aðalstöðinni hf.

Kærumál. Valdmörk fógetadóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í c- og d-liðum 1. tfl. og 3. tfl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1987, sem barst Hæstarétti 7. þessa mánaðar. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og „matsmönnunum Jóhanni Bergmann og Gísla Sigurkarlssyni verði leyft að koma fyrir fógetadóminn og staðfesta matsgerð sína“. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili máls þessa gerði lóðarleigusamning 22. nóvember 1953 við sóknaraðila og skyldi ársleiga af lóð hans vera 3.302,50 krónur. Sóknaraðilar hafa um árabíl viljað fá hækkun á leiguinni. Fengu þeir dómkvadda matsmenn 9. desember 1985 til að meta hæfilega leigu fyrir ýmsar lóðir, þar á meðal lóð varnaraðila en hún er